

Porkell Jóhannesson

Svæsni



**Jóhann Heiðar
Jóhannsson**

johannhj@landspitali.is

*Svæsni merkir vissulega að vera svæsinn. Í íslenskum texta er lítil þörf á þessu nafnorði, en lýsingarorðið er því oft notað. Þannig svarar prófessor emeritus Porkell Jóhannesson í tölvupósti eftir að undirritaður hafði vakið athygli á nafnorðinu **svæsni**, sem finna má í íslenskum orðabókum, og spurt hvort not væru fyrir það sem heiti í lækisfræðilegri umfjöllun (sjá 172., 194. og 195. pistil).*

Porkell er tryggur lesandi íðorðapistilsins og hefur hingað til verið óþreytandi að senda pistlahöfundu ábendingar sínar og athugasemdir í tölvupósti. Orðsendingarnar eru gjarnan stuttar og markvissar og þarf ekki að fara í grafgötur um hvaða skoðun Porkell hefur á hverju viðfangsefni.

Reperfusion injury

Í 194. pistli hafði undirritaður stungið upp á heitinu **endurflæðiáverki**. Porkell var ekki í vafa um sína skoðun: „Skemmd er þægilegra orð í samsetningu en áverki. Ég legg því til: *endurflæðisskemmd*.”

Inflammatory breast cancer

Í 190. pistli var sagt frá því að Sigurður Böðvarsson, krabbameinslæknir, hefði fengið undirrituðum það verkefni að finna heiti á sérstaklega ágenga tegund af brjóstakrabbameini, á ensku **inflammatory breast cancer**. Sigurður var reiðubúinn að samþykkja tillögu undirritaðs: **bólgukrabbamein í brjósti**.

Porkell brást við þeirri tillögu á sinn venjulega, orðknappa hátt: Ég mundi segja „bólguþundin brjóstakrabbamein”.

Presymptomatic

Í sama pistli var lýst eftir íslensku heiti til að túlka það tímabil eða það ástand sem ríkir áður en einkenni tiltekins sjúkdóms birtast. Á ensku má finna tvö lýsingarorð, **preclinical**, sem Íðorðasafn lækna nefnir **forklínískur**, og **presymptomatic**, sem ekki er að finna í Íðorðasafninu.

Porkell sendi skilaboð: Ég hef notað „ógreindur” (sjúkdómur o.fl.) um orðið „presymptomatic”.

Systole, diastole

Porkell hefur þó aldrei verið feiminn við að rökstyðja eða lýsa hugmyndum sínum í lengra máli þegar honum hefur þótt við eiga. Í 198. pistli var undirritaður að amast við íslenska heitinu **lagbil** fyrir fræðiheitið **diastole**, en fyrir það birtir

Íðorðasafnið heitið **hlébil**. Undirritaður taldi að þetta orð, **lagbil**, væri of líkt orðinu **slagbil**, sem Íðorðasafnið vildi nota um **systole**.

Porkell svaraði að bragði: Ég tek á mig orðin „slagbil” og „lagbil”. Ég var raunar fyrir fáum dögum að fleygja gömlum kennslugögnum (frá 1970 eða fyrr) þar sem mér sýnist, að ég noti þessi orð. Hugmyndin að orðinu „lagbil” er eiginlega sótt í sjómannamál og er látið jafngilda „lagi” hléi milli holskefna blóðs, sem berast frá hjartanu í „slagbili” (sýstólu). Þegar í lagbili kemur, kyrrist hjartað, hjartahólfín víkka (díastóla=víkkun) og fyllast blóði til undirbúnings næstu holskeflu frá hjartanu. Bilið milli slagbilanna er „lagið”, sem hjartað hefur í kyrrð til þess að fylla sig og því með nokkrum hætti hliðstætt við „lagið” milli brimskafla, sem formenn á árabátum nýttu fyrrum til þess að ráða þeim til lendingar!

Spontaneous

Porkell hefur ekki látið staðar numið við að koma með ábendingar um íðorðapistlana:

Í Læknablaðinu í maí 2007 er fjallað um „sjálfkrafa loftbrjóst”, sem á ensku kallast „spontaneous pneumothorax”. Mér hefur aldrei líkað þýðingin „sjálfkrafa” á „spontaneous” (á latínu *spontaneus*). Er það einkum vegna þess, að við þetta sjúkdómsástand (og önnur hliðstæð) er tæpast um að ræða „kröfu” í venjulegum skilningi þess orðs, að sjúkdómsástandið verði til. Nær lagi er að ætla, að við sérstakar aðstæður í líffærinu „falli svo til”, að sjúkdómsástandið myndist án utanaðkomandi áhrifa. Sjúkdómsástandið er þannig með nokkrum hætti „sjálffallið”. Lýsingarorðið „sjálffallinn” stendur að mínu viti merkingarlega nærri „self-originated” eða „self-generated”, sem eru kjarnaskýringar á lýsingarorðinu „spontaneous” á ensku. Ég legg því til, að talað verði um „sjálffallið” loftbrjóst í stað „sjálfkrafa”.

Nokkrum dögum seinna bætti Porkell þessu við: Ég var að lesa Lbl., 6. tölubl. 2007. Þar er orðið „sjálfsprottinn” notað fyrir „spontaneous” á ensku. Þetta orð er gott og engu síðra en „sjálffallinn”, sem ég stakk upp á í síðasta skrifi.

Remission

Porkelsþætti verður ekki lokið án þess að birta eina nýlega ábendingu hans, stutta og markvissa eins og Þorkels er vandi: Ég vil ekki að orðið **bata-skeið falli** í gleymsku meðal þeirra orða, sem nota má til þýðingar á **remission**. Sjálfur ertu nærri þessu með orðinu „afturbataskeið”.

Jóhann Heiðar
er læknir
á Landspítala
Hringbraut.